

# Spurningakönnun

## Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu

um stöðu ferðapjónustunnar á svæðinu  
í ljósi COVID-19 og viðhorf ferðapjónustuaðila til  
næstu mánaða

### Greinargerð

Sandra Björg Stefánsdóttir

Nýheimar Þekkingarsetur

16. október 2020



## Efnisyfirlit

Aðdragandi fundar .....	3
Spurningakönnunin .....	3
Vinnufundurinn .....	3
Til umhugsunar við yfirferð gagna .....	4
Niðurstöður spurningakönnunar – Krossa spurningar .....	5
Spurning 1 .....	5
Spurning 2 .....	6
Spurning 3 .....	7
Spurning 4 .....	8
Spurning 5 .....	9
Spurning 6 .....	10
Spurning 7 .....	11
Spurning 8 .....	12
Spurning 9 .....	13
Spurning 10 .....	14
Spurning 11 .....	15
Niðurstöður spurningakönnunar – Opnar spurningar .....	16
Spurning 12 .....	16
Spurning 13 .....	16
Spurning 14 .....	16
Spurning 15 .....	17
Spurning 16 .....	18
Samanburður á svörum með tilliti til mismundandi geira innan ferðaþjónustunnar .....	19
Spurning 2 .....	19
Spurning 3 .....	19
Spurning 4 .....	20
Spurning 5 .....	20
Spurning 6 .....	21
Spurning 7 .....	21
Spurning 8 .....	22
Spurning 9 .....	22
Spurning 10 .....	23
Spurning 11 .....	23
Viðauki 1 – Kynningartölvupóstur um skoðanakönnun .....	24
Viðauki 2 – Spurningar í spurningakönnun .....	25
Viðauki 3 – Frestun á fundi .....	28

## Aðdragandi fundar

Í september mánuði 2020 hafði Ferðamálafélag Austur-Skaftafellssýslu (FASK) samband við Nýheima Þekkingarsetur og óskaði eftir þjónustu setursins vegna framkvæmdar vinnufundar með ferðapjónustufyrirtækjum í sveitarfélaginu vegna þeirrar stöðu sem upp er komin vegna COVID-19 faraldursins. Sveitarfélagið Hornafjörður styrkti verkefnið og fjármagnaði vinnu verkefnastjóra setursins.

Fljótlega var ákveðið að skipta vinnunni í tvo hluta. Annars vegar að senda út spurningakönnun til ferðapjónustuaðila þar sem þeir voru beðnir um að svara spurningum nafnlaust um stöðu fyrirtækjanna í dag með tilliti til reksturs á fyrirtækinu og hins vegar boða til vinnufundar þar sem hugmyndir ferðapjónustuaðilanna um framtíðina yrðu ræddar.

Áætlað var að framkvæmd fundarins yrði í „world café“ stíl en þá er fundarmeðlimum skipt niður í hópa og umræður fara fram á hverju borði fyrir sig. Dagsetning fundarins var ráðgerð fimmtudaginn 8. október kl.13-15.30 og lagt upp með að spurningakönnunin yrði send út fyrir fundinn eða í september lok. Þannig yrði ferðapjónustuaðilum gefin vika til að svara spurningakönnuninni og niðurstöður hennar yrðu lagðar til grundvallar umræðna á vinnufundi.

Spurningakönnunin var send út föstudaginn 25. september til 107 starfandi ferðapjónustuaðila í Sveitarfélaginu Hornafirði. Leitað var eftir gögnum frá sýslumanni um útgefin ferðapjónustuleyfi í sveitarfélaginu og öllum þeim fyrirtækjum var boðið að taka þátt í könnuninni. Það var því ekki nauðsynlegt að viðkomandi fyrirtæki væri aðili að FASK til að taka þátt í spurningakönnuninni eða í vinnufundinum.

## Spurningakönnunin

Spurningakönnunin var sett upp í Survey Monkey og samanstóð af 11 krossaspurningum og 5 opnum spurningum en spurningalistinn var unninn í samstarfi FASK og Nýheima Þekkingarseturs, sjá nánar í Viðauka 2. Könnunin var nokkuð viðamikil og innihélt bæði spurningar um stöðu fyrirtækjanna á þeim tíma sem og opnar spurningar um sýn ferðapjónustuaðila á framtíðina. Í leiðbeiningum í upphafi könnunar voru þátttakendur beðnir um að svara könnuninni einu sinni fyrir fyrirtækið sitt nema þeir sem buðu upp á margþætta þjónustu, t.d þeir sem bjóða upp á afþreyingu og gistingu. Þeir aðilar voru beðnir um að svara könnuninni tvisvar, það er að segja einu sinni fyrir hvora grein.

Könnunin var opin á vefnum í rúma viku eða frá föstudeginum 25. september til mánudagsins 5. október. Svörun í spurningakönnuninni fór fram úr björtustu vonum skipuleggjenda en hún var rúm 52%. Álykta má út frá þátttökunni í spurningakönnuninni að ferðapjónustuaðilum í sveitarfélaginu sé umhugað um stöðuna sem þeir eru í vegna heimsfaraldursins.

## Vinnufundurinn

Mánudaginn 5. október tóku hertar sóttvarnarreglur gildi í landinu en þær höfðu verið kynntar í vikunni áður. Takmörkun á fjölda einstaklinga sem koma máttu saman miðuðust þá við 20 fullorðna. Því var ljóst að ekki var unnt að halda vinnufundurinn sem áætlaður var fimmtudaginn 8. október með því sniði sem upphaflega var lagt upp með og var honum því frestað tímabundið, sjá Viðauka 3.

Þegar frá leið var ákveðið í samráði við sóttvarnaryfirvöld á svæðinu og Sveitarfélagið Hornafjörð sem var kostunaraðili verkefnisins, að ekki væri forsvaranlegt að halda fundinn með því móti sem upphaflega var gert ráð fyrir. Því var ákveðið að boða til fundar á veraldarvefnum sem halda á fimmtudaginn 22. október. Þegar þessi greinargerð er rituð hefur sá fundur enn ekki farið fram. Nýheimar Þekkingarsetur munu aðstoða FASK við utanumhald þess fundar eins og áður hafði verið áætlað en FASK sér þó að öllu leyti um hönnun spurningalista og markmiðasetningu vegna vinnufundarins. Niðurstöður þess fundar verða kynntar sérstaklega að honum loknum.


Í greinargerð þessari eru niðurstöður spurningakönnunarinnar kynntar ásamt því að unnin var sérstök úrfærsla á svörum þar sem þau eru borin saman með tilliti til mismunandi geira innan ferðapjónustunnar, sjá bls. 19.

## Til umhugsunar við yfirferð gagna

Þegar gögn greinargerðarinnar eru rýnd er rétt að hafa í huga það ástand er ríkir nú á dögum í samfélaginu. Margt hefur gengið á í tengslum við COVID-19 heimsfaraldurinn og miklar breytingar hafa átt sér stað í lífi margra. Þar að auki urðu mjög miklar, snöggar og e.t.v. óvæntar breytingar í samfélaginu á meðan umrædd spurningakönnun var opin en þá hófst hin svo kallaða 3ja bylgja COVID-19 á Íslandi.

Það má því leiða líkum að því að hugarástand svarenda hafi verið mismunandi eftir því hvort spurningum var svarað fyrir hertar sóttvarnarreglur stjórnvalda eða eftir að reglurnar voru kynntar. Hið sama má segja um aðgerðapakka ríkisstjórnarinnar en á meðan spurningakönnunin var opin kynnti ríkisstjórnin nýja aðgerðapakka til að stuðla að friði á vinnumarkaði. Þessir aðgerðapakkar sem og samkomutakmarkanirnar gætu haft áhrif á svör einhverra svarenda.

Niðurstöður spurningakönnunar – Krossa spurningar  
Spurning 1




Valmöguleikar	Hlutfall	Fjöldi svara
Afþreying	25%	14
Gisting	60%	34
Veitingar	14%	8
Annað, hvað?	2%	1
	<b>Svarað</b>	<b>57</b>
	<b>Sleppt</b>	<b>0</b>

Annað, hvað?


1. Akstur

## Spurning 2




Valmöguleikar	Hlutfall	Fjöldi svara
1-2	33%	19
3-5	25%	14
6-10	23%	13
11-15	5%	3
16-20	5%	3
21-25	5%	3
26-30	0%	0
31+	4%	2
<b>Svarað</b>		<b>57</b>
<b>Sleppt</b>		<b>0</b>

### Spurning 3



Valmöguleikar	Hlutfall	Fjöldi svara
1-2	60%	34
3-5	25%	14
6-10	11%	6
11-15	4%	2
16-20	0%	0
21-25	0%	0
26-30	0%	0
31+	2%	1
<b>Svarað</b>		<b>57</b>
<b>Sleppt</b>		<b>0</b>


## Spurning 4



Valmöguleikar	Hlutfall	Fjöldi svara
0	25%	14
1-2	37%	21
3-5	26%	15
6-10	11%	6
11-15	2%	1
16-20	0%	0
21-25	0%	0
26-30	0%	0
31+	0%	0
<b>Svarað</b>		<b>57</b>
<b>Sleppt</b>		<b>0</b>




## Spurning 5



Valmöguleikar	Hlutfall	Fjöldi svara
Varð engin breyting hjá mínu fyrirtæki	5%	3
Varð mjög lítil breyting hjá mínu fyrirtæki	7%	4
Lokaði fyrirtæki mitt ekki en eftirspurnin var lítil	60%	34
Lokaði fyrirtækið mitt tímabundið	28%	16
Lokaði fyrirtækið mitt til frambúðar	0%	0
Annað. Hvað?	0%	0
	<b>Svarað</b>	<b>57</b>
	<b>Sleppt</b>	<b>0</b>

## Spurning 6




Valmöguleikar	Hlutfall	Fjöldi svara
Mjög vel, betur en ég þorði að vona	9%	5
Mjög vel	2%	1
Vel	2%	1
Þokkalega	35%	20
Illa	21%	12
Mjög illa	16%	9
Fyrirtækið var lokað á þessum tíma	12%	7
Annað. Hvað?	4%	2
<b>Svarað</b>		<b>57</b>
<b>Sleppt</b>		<b>0</b>

### Annað, hvað?

1. Meiri aðsókn en við þorðum að vona en verðin aðeins 50 % af uppsettu verði sem þó hefur ekkert hækkað síðustu 3 ár.
2. Þokkaleg eftirspurn en tekjur kannski 20 % af venjulegu árferði


## Spurning 7



Valmöguleikar	Hlutfall	Fjöldi svara
Mjög vel	0%	0
Vel	4%	2
Þokkalega	9%	5
Illa	23%	13
Mjög illa	63%	36
Ég hef nú þegar lokað fyrirtækinu mínu til frambúðar	2%	1
	<b>Svarað</b>	<b>57</b>
	<b>Sleppt</b>	<b>0</b>


Vert er að taka fram að í þessari spurningu merkir einn svarandi við valmöguleikann „Ég hef nú þegar lokað fyrirtæki mínu til frambúðar“ en í þeim spurningum sem á eftir koma merkir enginn við þann valmöguleika.

## Spurning 8




Valmöguleikar	Hlutfall	Fjöldi svara
Já, með sama hætti og verið hefur	33%	19
Já, en með breyttu sniði	44%	25
Nei, hef lokað tímabundið	23%	13
Nei, hef lokað til frambúðar	0%	0
	<b>Svarað</b>	<b>57</b>
	<b>Sleppt</b>	<b>0</b>

## Spurning 9




Valmöguleikar	Hlutfall	Fjöldi svara
Mjög bjartsýn/n	2%	1
Bjartsýn/n	9%	5
Hvorki né	26%	15
Svartsýn/n	26%	15
Mjög svartsýn/n	37%	21
Ég hef nú þegar lokað fyrirtækinu mínu til frambúðar	0%	0
	<b>Svarað</b>	<b>57</b>
	<b>Sleppt</b>	<b>0</b>

Spurning 10



Valmöguleikar	Hlutfall	Fjöldi svara
Mjög bjartsýn/n	4%	2
Bjartsýn/n	21%	12
Hvorki né	44%	25
Svartsýn/n	19%	11
Mjög svartsýn/n	12%	7
Ég hef nú þegar lokað fyrirtækinu mínu til frambúðar	0%	0
	<b>Svarað</b>	<b>57</b>
	<b>Sleppt</b>	<b>0</b>

## Spurning 11



Valmöguleikar	Hlutfall	Fjöldi svara
Mjög bjartsýn/n	14%	8
Bjartsýn/n	33%	19
Hvorki né	30%	17
Svartsýn/n	18%	10
Mjög svartsýn/n	5%	3
Ég hef nú þegar lokað fyrirtækinu mínu til frambúðar	0%	0
	<b>Svarað</b>	<b>57</b>
	<b>Sleppt</b>	<b>0</b>

## Niðurstöður spurningakönnunar – Opnar spurningar

### Spurning 12

*Hvað heldur þú að mörg störf tapist (ef einhver) vegna áhrifa COVID-19 hjá fyrirtækinu þínu?  
Vinsamlegast svarið með tölustaf /tölustöfum.*

Ef svör allra þátttakenda við þessari spurningu eru lögð saman varð heildarútkoman sú að vegna áhrifa COVID-19 muni tapast 241 starf hjá ferðaþjónustuaðilum í Sveitarfélaginu Hornafirði, en alls svöruðu 53 af 57 þátttakendum spurningunni. Sjö svarendur töldu líklegt að fleiri en 10 störf myndu tapast hjá fyrirtækinu sínu, þar af taldi einn að um 30 störf myndu tapast hjá sér. Aðrir sjö svarendur töldu að ekkert starf myndi tapast hjá sínu fyrirtæki. Þeir sem eftir stóðu, eða 39 svarendur töldu að á bilinu 1-9 störf myndu tapast hjá fyrirtækinu sínu vegna áhrifa COVID-19.

### Spurning 13

*Hvað þarf að breytast (ef nokkuð) til þess að fyrirtækið þitt geti starfað með eðlilegum hætti á ný?*

Alls svöruðu 53 af 57 svarendum þessari spurningu. Um 92% svarenda töluðu um COVID-19 í svörum sínum eða hluti tengda kórónaveirunni. Sem dæmi má nefna að COVID-19 gangi yfir, opnun landamæra þannig að ferðamenn streymi aftur til landsins, tilkoma bóluefnis og/eða hjarðónæmi.

Einhverjir, eða um 8% svarenda minntust þó á að annars konar utanaðkomandi þættir gætu haft þau áhrif að fyrirtæki þeirra gæti starfað með eðlilegum hætti á ný. Til dæmis sagði einn svarenda að Sveitarfélagið Hornafirður og stjórn Vatnajökulspjóðgarðs þyrftu að byggja upp stoðir eða ramma þannig að fyrirtæki á svæðinu gætu dafnað. Annar nefndi að sveitarfélagið gæti komið inn með afslætti eða niðurfellingu á fasteignagjöldum og enn annar minntist á að ríkið gæti framlengt hlutabótaleiðina með þeim breytingum þó að fyrirtækin mættu nýta starfsmenn sína að fullu í samræmi við greiðslur til þeirra en ekki einungis 25%.

### Spurning 14

*Hvað getum við gert sem atvinnugrein til að styrkja stöðu okkar til framtíðar?*

Svarhlutfall var talsvert lægra í þessari spurningu en af þeim 57 sem tóku þátt í könnuninni svöruðu 34 spurningunni. Svörin sem bárust voru þó um margt fjölbreytt og áhugavert að sjá hugmyndir svarenda um hvað þeir gætu sjálfir gert til að styrkja stöðu sína á þessum fordæmalausu tímum. Um 25% svarenda töldu þó að lítið væri hægt að gera fyrr en COVID-19 væri yfirstaðið eða bóluefni komið við veirunni.

Aðrir svarendur töluðu um að hægt væri að auka við markaðssetningu svæðisins, auka við gæði þjónustunnar, fara í áætlanagerðir, sinna viðhaldi og endurskipulagningu í rekstri, vöruþróun og fara vandlega ofan í saumana á rekstrinum og hagræða í framhaldinu. Þá var einnig minnst á utanaðkomandi aðstoð líkt og að sveitarfélagið kæmi til móts við fyrirtæki í tengslum við kostnað af sorphirðu. Áhugavert er þó að sjá að um 15% svarenda nefndu samstöðu ferðaþjónustuaðila á svæðinu.

„Samheldni. Öflugir ferðamálafulltrúar (í fleirtölu) sem hjálpa atvinnugreininni að stefna saman í rétta átt. Leiða vinnuna sem framundan er. Sýna samstöðu, aðstoða hvort annað og vera vel vakandi með að koma okkar sjónarmiðum á framfæri.“



„[Við getum] unnið meira saman - innávið ekki bara útávið. Komið fram sem meiri heild - sett saman pakka sem ná til mismunandi markhópa. Innanlandsmarkaður er vaknaður og við verðum að halda Íslendingum áhugasömum um okkar svæði. Við þekkjum erlenda ferðamanninn og erum klár að taka á móti honum þegar þeirri óvissu léttir - á meðan þurfum við að vinna að vörubrúun í greininni.“

„Standa saman, litlu fyrirtækin þurfa að vinna markvisst að hagræðingu sameiginlega. T.d. ef 2 pax [viðskiptavinir] eru bókaðir hjá 2 fyrirtækjum þá tæki annað fyrirtækið ferðina o.s.f.v. Eitthvað í þessum dúr.“

## Spurning 15

*Hvað telur þú að sveitarfélagið geti gert til að aðstoða fyrirtækið þitt?*

Alls svörðu 49 af 57 þátttakendum spurningunni um hvað sveitarfélagið gæti gert til þess að aðstoða fyrirtækið þeirra. Meirihluti svarenda eða tæp 60% minntust á niðurfellingu eða afslátt á fasteignagjöldum í svörum sínum.

„Sveitarfélagið verður að ganga í takt með lánastofnunum og frysta allt í hel sem hægt er að frysta, aflétta öllu sem heitir dráttarvextir og einfalda okkur að semja um greiðslufresti á öllu sem viðkemur sveitarfélaginu. Betri tímar munu koma með betri tíð þannig að allir munu bera haga af því að rekstri í ferðaþjónustu verði sýnd biðlund.“

Í þessu samhengi minntust einhverjir svarendur á að sveitarfélagið veitti fyrirtækjum beina styrki, tækju þátt í að greiða launakostnað eða gerði þjónustusamninga við ferðaþjónustuaðila.

„Búa til störf þar sem keypt er þjónusta fyrirtækjanna í verktöku, það má vera allskonar, flutningur á búnaði, semja við Vatnajökulsþjóðgarð að kaupa eftirlitsþjónustu eða hverskonar þjónustu í þjóðgarðinum.“

Nokkrum svarendum var umhugað um stöðu hornfirskra fyrirtækja á svæðinu þar sem mörg stórfyrirtæki frá Reykjavík sækja einnig í að selja vöru sína innan sveitarfélagsins.

„Gert fyrirtækjum sem eru með lögheimili í sveitarfélaginu og borga sín gjöld hér að forgangsfyrirtækjum til að vera með ferðir á svæðinu. Ekki hafa sjálfsagt að stór Reykjavíkurfyrirtæki sem eru keyrð af erlendu vinnuafli sitji alltaf í fyrirrúmi, t.d. með aðstöðu í Skaftafelli og svo framvegis, þar sem heimafyrirtæki mega ekki einu sinni starfa þó þau fari fram á það.“

Um 18% svarenda lögðu til að sveitarfélagið færi í einhverskonar markaðsherferð fyrir ferðaþjónustuna á svæðinu.

„[Það] var mjög gott að Sveitarfélagið tók núna þátt í markaðsherferð með okkur í sumar til að ná til Íslendinga. Það mætti vera normið frekar en bara covid aðgerðir.“

Rúm 22% svarenda töldu þó að sveitarfélagið gæti ekkert gert til koma til móts við þarfir þeirra að þessu sinni.

## Spurning 16

*Hvað telur þú að ríkisstjórnin geti gert til þess að aðstoða fyrirtækið þitt?*

Samtals svöruðu 46 einstaklingar af 57 spurningunni um aðgerðir ríkisstjórnarinnar og þar af töldu um 24% að ríkisstjórnin gæti því miður ekkert gert.

Helmingur svarenda eða 50% minntist á einhvers konar afslátt af álögum eða hreinlega niðurfellingu þeirra í svörum sínum. Voru þar nefndir hlutir eins og skattar, gjöld, virðisaukaskattur, vextir, gistináttagjald, tryggingagjald og endurskoðun lífeyriskerfisins. Þá minntust tæplega 7% svarenda á einhverskonar innkomu í launamálum, hvort sem það var í því formi að greiða laun starfsmanna í stað atvinnuleysisbóta eða fella niður launakostnað hjá fyrirtækjum þannig að launþegar héldu launum sínum en kostnaður fyrirtækjanna lækkaði.

Hlutabótaleiðin var nokkuð oft nefnd og þá aðallega á þeim nótum að framlengja og betrubæta mætti þá leið en minnst var á hana í tæplega 20% svara.

„Gefa út skýrar upplýsingar [um] að hlutabótaleiðin verði til lengri tíma, t.d. út maí 2021. 25% hlutabótaleið en fyrirtækin fái að nota starfsmenn í allt að 80% vinnu. Passa þarf engu að síður að það sé ekki svindlað á kerfinu. Þarf að vera samspil milli sölu á vörum og heildarlaunum fyrirtækis.“

„Framlengja hlutabótaleið fram á mitt næsta ár 2021. Og afnema það að ekki megi vinna nema þann hluta sem fyrirtæki greiðir en skilyrða [að unnið sé að] umhverfis- og umbótaverkefnum hvers konar.“


Einnig komu nokkrir svarendur inn á markaðsmál og markaðssetningu í svörum sínum.

„Hvetja Íslendinga áfram til ferðalaga alla hina mánuðina en júlí var auðvitað frábær fyrir ferðaþjónustuna en sumar gleðin spannaði því miður bara mánuð fyrir flesta. [...] Læra af öðrum löndum. Heyrði að danska ríkisstjórnin greiði helminginn af reikningnum þegar fólk fer út að borða og drekka í Danmörku til að hvetja til viðskipta við veitingahús. Það er mjög sniðug hugmynd (hvort sem þetta er rétt eða ekki þá er þetta góð hugmynd). Vera tilbúin með sterkt markaðsátak fyrir erlendan markað þegar við á eftir covid.“


Þá var nokkrum sinnum komið inn á uppbyggingu ferðamannastaða og að ríkinu bæri að auka eftirlit með starfsemi ferðaþjónustufyrirtækja þannig að öllum reglum væri fylgt. Loks var nokkrum svarendum umhugað um að ríkið beini sjónum sínum einnig til smárra og meðal stórra fyrirtækja en legði ekki alla áherslu á stórfyrirtæki.

## Samanburður á svörum með tilliti til mismundandi geira innan ferðapjónustunnar


### Spurning 2




### Spurning 3




Spurning 4




Spurning 5




## Spurning 6




## Spurning 7




## Spurning 8




## Spurning 9



Spurning 10



Spurning 11



## Viðauki 1 – Kynningartölvupóstur um skoðanakönnun

Kæri ferðapjónustuaðili í Sveitarfélaginu Hornafirði

Nú þegar óvissan er mikil fyrir rekstraraðila í ferðapjónustu langar stjórn Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu (FASK) að kanna ástand og horfur innan ferðapjónustunnar til næstu missera. Því biðlum við til fyrirtækja og forsvarsmanna þeirra að taka þátt í vinnufundi 8. október n.k. milli kl.13:00 og 15.30. Vinnufundinum er ætlað að skila hugmyndum og tillögum að úrræðum/lausnum fyrir ferðapjónustuaðila. Hvað getum við gert sjálf sem atvinnugrein? Geta opinberir aðilar gert eitthvað til að aðstoða fyrirtæki í gegnum þá erfiðleika sem framundan eru?

Í aðdraganda að vinnufundinum munu FASK og Nýheimar Þekkingarsetur, með stuðningi frá Sveitarfélaginu Hornafirði standa fyrir könnun meðal ferðapjónustuaðila á svæðinu sem ætlað er að varpa ljósi á stöðuna núna sem og á komandi misserum. Niðurstöður könnunarinnar verða notaðar sem innlegg inn í umræður og vinnu á vinnufundinum 8. október n.k

Til að niðurstöðurnar verði sem áreiðanlegastar viljum við biðja þig um að taka þátt í könnuninni sem fer fram með rafrænum hætti og mæta í kjölfarið á vinnufundinn og taka þátt í að móta framtíð ferðapjónustunnar í sveitarfélaginu okkar. Þess ber þó að geta að við hvetjum alla ferðapjónustuaðila í sveitarfélaginu til þess að svara könnuninni hvort sem viðkomandi kemur á vinnufundinn eða ekki.

Á næstu dögum munu Nýheimar Þekkingarsetur senda út tölvupóstur á ferðapjónustuaðila í Austur Skaftafellssýslu með ósk um að taka þátt í umræddri spurningakönnun.

Ferðamálafélag Austur-Skaftafellssýslu (FASK) eru hagsmunasamtök fyrir ferðapjónustuaðila í Sveitarfélaginu Hornafirði og hefur félagið verið til um árabíl en var endurvakið síðastliðið ár.

Eitt af markmiðum félagsins er að efla ferðapjónustu á félagssvæðinu þannig að hún verði til sem mestrar hagsbótar fyrir íbúa héraðsins og samfélagsins.

Í september var ný stjórn kosin:

Haukur Ingi Einarsson Glacier Adventure formaður  
Laufey Guðmundsdóttir Glacier Journey ritari  
Bergþóra Ágústsdóttir Pakkhúsið gjaldkeri  
Ágúst Elvarsson Jökulsárlón meðstjórnandi  
Matthildur Þorsteinsdóttir Öræfaferðir meðstjórnandi.  
Anna María Kristjánsdóttir, South East, varamaður

Um leið og við hvetjum þig og þitt fyrirtæki að gerst félagi í FASK, minnum við á að allir ferðapjónustuaðilar eru velkomnir á fundinn. Þeir sem geta orðið aðilar að ferðamálafélaginu eru einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir með starfsstöð eða aðsetur í Austur-Skaftafellssýslu.

Árgjaldið er 12.500 fyrir fyrirtæki og einstaklingar borga 2.500kr.

Til að gerast félagsmaður í FASK er hægt að millifæra á 0172-26-4404 kt 430694-2869 og senda staðfestingu á faskstjorn@gmail.com

Facebook síða Ferðamálafélagsins er: <https://www.facebook.com/groups/523134511699377/>



## Viðauki 2 – Spurningar í spurningakönnun

Horfum til framtíðar

Spurningakönnun til ferðapjónustuaðila í Austur-Skaftafellssýslu

Markmið þessarar könnunar er að kanna stöðu ferðapjónustunnar á starfssvæði Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu og viðhorf ferðapjónustuaðila til næstu mánaða. Til að fá sem réttustu niðurstöður þá biðjum við þig að taka nokkrar mínútur í að svara könnuninni. Ef þú starfar í fleiri en einni grein innan ferðapjónustunnar, t.d í afþreyingu og gistingu, þá biðjum við þig um að svara könnuninni tvisvar, það er að segja einu sinni fyrir hvora grein.

Rétt er að taka fram að könnunin er nafnlaus og ekki verður hægt að rekja niðurstöður til einstakra fyrirtækja. Ef einhverjar spurningar vakna þá má hafa samband við Söndru Björgu hjá Nýheimum Þekkingarsetri á netfangið [sandra@nyheimar.is](mailto:sandra@nyheimar.is) eða í síma 470-8087.

1. Fyrirtækið mitt starfar í eftirfarandi geira:
  - a. Afþreying
  - b. Gisting
  - c. Veitingar
  - d. Annað, hvað?
2. Hver var meðal starfsmannafjöldi hjá fyrirtækinu þínu árið 2019?
  - a. 1-2
  - b. 3-5
  - c. 6-10
  - d. 11-15
  - e. 16-20
  - f. 21-25
  - g. 26-30
  - h. 31+
3. Hver var meðal starfsmannafjöldi hjá fyrirtækinu þínu hingað til árið 2020?
  - a. 1-2
  - b. 3-5
  - c. 6-10
  - d. 11-15
  - e. 16-20
  - f. 21-25
  - g. 26-30
  - h. 31+
4. Hver er áætlaður meðal starfsmannafjöldi hjá fyrirtækinu þínu veturinn 2020 og út árið 2021?
  - a. 0
  - b. 1-2
  - c. 3-5
  - d. 6-10
  - e. 11-15
  - f. 16-20
  - g. 21-25
  - h. 26-30
  - i. 31+

5. Þegar fjöldatakmörkanir voru settar á í lok mars þá:
  - a. Varð engin breyting hjá mínu fyrirtæki
  - b. Varð mjög lítil breyting hjá mínu fyrirtæki
  - c. Lokaði fyrirtæki mitt ekki en eftirspurnin var lítil
  - d. Lokaði fyrirtækið mitt tímabundið
  - e. Lokaði fyrirtækið mitt til frambúðar
  - f. Annað. Hvað?
6. Hvernig komu júní, júlí og ágúst í ár, út fjárhagslega hjá fyrirtækinu þínu?
  - a. Mjög vel, betur en ég þorði að vona
  - b. Mjög vel
  - c. Vel
  - d. Þokkalega
  - e. Illa
  - f. Mjög illa
  - g. Fyrirtækið var lokað á þessum tíma
  - h. Annað. Hvað?
7. Hvernig líst þér á veturinn framundan með tilliti til reksturs á fyrirtækinu þínu, þ.e. október 2020 til apríl 2021?
  - a. Mjög vel
  - b. Vel
  - c. Þokkalega
  - d. Illa
  - e. Mjög illa
  - f. Ég hef nú þegar lokað fyrirtækinu mínu til frambúðar
8. Telur þú að fyrirtækið þitt verði starfandi í apríl 2021?
  - a. Já, með sama hætti og verið hefur
  - b. Já, en með breyttu sniði
  - c. Nei, hef lokað tímabundið
  - d. Nei, hef lokað til frambúðar
9. Hversu bjartsýn/n ertu fyrir næstu 6 mánuðum m.t.t. reksturs á fyrirtækinu þínu?
  - a. Mjög bjartsýn/n
  - b. Bjartsýn/n
  - c. Hvorki né
  - d. Svartsýn/n
  - e. Mjög svartsýn/n
  - f. Ég hef nú þegar lokað fyrirtækinu mínu til frambúðar
10. Hversu bjartsýn/n ertu fyrir næstu 12 mánuðum m.t.t. reksturs á fyrirtækinu þínu?
  - a. Mjög bjartsýn/n
  - b. Bjartsýn/n
  - c. Hvorki né
  - d. Svartsýn/n
  - e. Mjög svartsýn/n
  - f. Ég hef nú þegar lokað fyrirtækinu mínu til frambúðar
11. Hversu bjartsýn/n ertu fyrir næstu 24 mánuðum m.t.t. reksturs á fyrirtækinu þínu?
  - a. Mjög bjartsýn/n
  - b. Bjartsýn/n
  - c. Hvorki né
  - d. Svartsýn/n
  - e. Mjög svartsýn/n
  - f. Ég hef nú þegar lokað fyrirtækinu mínu til frambúðar

12. Hvað heldur þú að mörg störf tapist (ef einhver) vegna áhrifa COVID-19 hjá fyrirtækinu þínu?  
Vinsamlegast svarið með tölustaf /tölustöfum.
13. Hvað þarf að breytast (ef nokkuð) til þess að fyrirtækið þitt geti starfað með eðlilegum hætti á ný?
14. Hvað getum við gert sem atvinnugrein til að styrkja stöðu okkar til framtíðar?
15. Hvað telur þú að sveitarfélagið geti gert til að aðstoða fyrirtækið þitt?
16. Hvað telur þú að ríkisstjórnin geti gert til þess að aðstoða fyrirtækið þitt?

## Viðauki 3 – Frestun á fundi

Komið þið sæl og blessuð

Við vonum að allir séu við hesta heilsu, við vitum að það eru erfiðir tímar framundan, en að sama skapi skiptir samstaða okkar á milli ennþá meiru máli.

Því miður verðum við að fresta vinnufundinum sem átti að vera í dag vegna Covid. En við munum boða til hans síðar þegar öruggt þykir að hittast sem hópur að nýju, sem verður vonandi fyrr en seinna. Áður en fundurinn verður haldinn munum við kynna niðurstöður könnunarinnar og vonumst við til að senda út skýrslu til ykkar í lok næstu viku. Þátttakan fór fram úr björtustu vonum og þökkum við kærlega fyrir ykkar þátt í því.

Stjórn FASK hefur ákveðið að boða til sérstaks fundar fyrir afþreyingarfyrirtæki sem hafa fengið úthlutað leyfum fyrir komandi íshellatímabil. Fundurinn verður haldinn í Pakkhúsinu í næstu viku og auglýstur meðal skráðra félagsmanna í FASK.

Að lokum viljum við hvetja sem flesta til að skrá sig í Ferðamálafélag Austur Skaftafellssýslu, en hægt er að skrá sig með því að greiða félagsgjaldið sem fylgir hér að neðan. Árgjaldið er 12.500 fyrir fyrirtæki og einstaklingar borga 2.500kr. Til að gerast félagsmaður í FASK er hægt að millifæra á 0172-26-4404 kt 430694-2869 og senda staðfestingu á [faskstjorn@gmail.com](mailto:faskstjorn@gmail.com)

Með vinsemd  
Stjórn FASK